

Menningarhúsið Tjarnarborg 16. febrúar 2023

Ávarp Lindu Leu Bogadóttur, markaðs- og menningarfulltrúa Fjallabyggðar, við afhendingu styrkja og umhverfisviðurkenningar Fjallabyggðar og útnefningu Bæjarlistamanns Fjallabyggðar árið 2023.

Kæru gestir gleðilega hátíð.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa fagnaðar.

Í kvöld ætlum við að útnefna Bæjarlistamann Fjallabyggðar 2023 og er það 14 árið sem við veljum okkur bæjarlistamann. Við munum eins og áður nota þetta tækisærið og afhenda með formlegum hætti styrki til menningarmála, til hátíðarhalda, fræðslustyrki og styrki til grænna verkefna en það er í fyrsta sinn sem Fjallabyggð veitir græna styrki. Markmið grænna styrkja er að styðja við aðila sem vinna að umhverfisverkefnum í Fjallabyggð. Í haust sem leið var kallað eftir verkefnum sem nýtast samfélaginu í Fjallabyggð og gert ráð fyrir að framkvæmdir væru m.a. til þess fallnar að:

- Bæta umhverfismál innan sveitarfélagsmarka Fjallabyggðar
- Draga úr orkunotkun, mengun og/eða losun gróðurhúsalofttegunda og/eða er ætlað að bæta fyrir slíkt innan sveitarfélagsins.
- Bæta ástand og útlit opinna svæða eða fólkvanga innan sveitarfélagsins.

Við munum einnig í fyrsta sinn afhenda umhverfisviðurkenningu Fjallabyggðar. Umhverfisviðurkenning Fjallabyggðar er hugsuð sem hvatning og áminning til okkar allra, varðandi það að huga vel að umhverfinu og umgangast náttúru landsins af auðmýkt og á sjálfbæran hátt. Bæjarstjóri, Sigríður Ingvarsdóttir mun gera grein fyrir viðurkenningunni og afhenda hana formlega hér á eftir.

En þessari hátíð er ætlað að gefa okkur tækifæri til að fagna þeim fjölmörgu verkefnum sem hlutu styrki í ár en einnig getum við litið á þessa stund sem uppskeruhátíð síðasta árs. Þessi hátíð er svo sannarlega vitnisburður um mikilvægi menningar, mennta og lista í samfélagi okkar hér í Fjallabyggð.

*„Menning er allt sem mannar mennina, styrkir þá og stælir í baráttu við þau verk sem lífið leggur þeim á herðar.“*

Þetta er skilgreining Páls Skúlasonar heimspekings - á hugtakinu „hvað er menning“. Menning er að sögn Páls sú skipulega viðleitni einstaklingsins til að takast sameiginlega á við það verkefni að skynja og skoða veruleikann, að framkvæma og skapa hluti og að deila lífinu með öðrum.

Við sækjum svo sannarlega í andlega næringu, upplifun og útrás fyrir tilfinningar okkar, hvort sem um er að ræða í leikhúsi, galleríinu, menningarhúsinu, á hátíðum eða tónleikum. Saman eflum við menningarlega samkennd og jákvæða ímynd gagnvart þeim óáþreifanlegu sálrænu hughrifum, meðvitund og gleði sem menningin gefur okkur.

Við íbúar í Fjallabyggð getum með stolti sagt okkur vera hluta af samfélagi meðal samfélaga í menningarlegu og listrænu tilliti. Og er það okkar að viðhalda því orðspori sem þegar hefur skapast til margra ára. Með aðkomu okkar, með ykkur og með innspýtingu m.a. í þá árlegu styrki sem Fjallabyggð veitir til menningartengdra verkefna mun okkur takast að vera hið sanna samfélag skapandi greina, vera griða staður lista og skapandi flæðis allt árið. Auka umsvif innan skapandi geirans. Skapa verðmæti, laða að gesti og umfram allt bæta lífskjör okkar sem hér búum. Við hljótum að vilja viðhalda og næra menningu okkar innan sveitarfélagsins, hafa það í lífi okkar sem mannar, styrkir og stælir okkur í verkefnum og áskorunum þeim sem lífið leggur okkur á herðar.

Þau ykkar sem starfið í hinum skapandi geira eruð stöðugt að finna stað og stund til að gleðja, fræða og efla okkur hin með vinnu ykkar, sköpunarkrafti og dugaði. Þið þessi sterki hópur vinnið svo sannarlega metnaðarfullt og óeigingjarnt starf sem veitir einstaklingum samfélagsins og gestum þess fjölbreytni í afþreyingu og um leið bættari lífsskilyrði. Og það ber að þakka.

---

Framlög Fjallabyggðar til menningartengdra styrkja hafa staðið í stað sl. 3 ár en í ár ákvað bæjarstjórn Fjallabyggðar að hækka framlag til menningar og lista um 17% sem ber að fagna. Að auki hefur markaðs- og menningarnefnd verið úthlutað viðbótarfjármagi að upphæð kr. 1.400.000.- sem notað verður til að styðja við svokallaða menningartengda pop-up viðburði, óvæntar uppkomur eða viðburði sem verða til yfir árið, eftir að hefðbundum umsóknarfresti lauk í haust.

Úthlutaðir styrkir Fjallabyggðar á árinu 2023 nema ríflega 70 milljónum og í kvöld verður úthlutað styrkjum að upphæð kr. 9.740.000.- og skiptast þeir þannig:

Í flokki einstakra menningartengdra verkefna kr. 3.100.000.- og í flokknum styrkir til hátíðahalda kr. 3.955.000. Fræðslustyrkir í ár nema kr. 435.000.- og styrkir til grænna verkefna kr. 1.950.000.-

Fyrir hönd Fjallabyggðar óska ég styrkhöfum til hamingju. Við vitum að þessir styrkir munu koma sér vel í þeim verkefnum sem fram undan eru.